



Verkalýðsfélag Akraness

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is



*90 ára
1924 - 2014*

Stéttarfélag sem þorir

Hvað gerir félagið fyrir þig?



Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga • Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa • Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda



Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar • Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur • Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur • Dánarbætur • Styrkur vegna heilsufarsskoðana og tannlæknakostnaðar • Styrkur vegna glasa-, tæknifrjóvgunar eða ættleiðingar • Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum • Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa



Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga • veiði- og Útilegukort með 50% afslætti • Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum • Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur • Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfri • Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn



Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönum



Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000 • Af þeirri upphæð má nýta kr. 20.000 vegna tómstundanáms • Meirapróf er styrkt um kr. 100.000



Trúnaðarráð:

Sjómannadeild: Guðlaugur Elís Jónsson, Elías Ólafsson, Pétur Lárusson, Sveinbjörn Rögnvaldsson

Matvæladeild: Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Björgólfur Einarsson, Sigurður Hauksson, Skúlína Guðmundsdóttir,

Almenn deild: Kristinn J. Kristinsson, Arnar Dór Hlynsson, Hafþór Pálsson

Opinber deild: Jóna Ágústa Adolfsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Rósa Sigurðardóttir

Iðnsveinadeild: Guðmundur R. Davíðsson, Páll G. Jónsson, Grímar Teitsson

Stóriðjudeild: Ólafur Geir Óskarsson, Bjarni Ólafsson, Bjarki Þór Aðalsteinsson, Páll Jónsson

Stjórn Orlofssjóðs:

Björgólfur Einarsson
Hafsteinn Þórisson
Guðmundur Rúnar Davíðsson
Sigríður Sæmundsdóttir
Sigurlaug Guðmundsdóttir

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Bryndís Ó. Guðjónsdóttir
Bjarni Ólafsson
Sigurður Grétar Davíðsson
Sigurður Hauksson
Skúlína Guðmundsdóttir

Kjörstjórn:

Bryndís Ólöf
Guðjónsdóttir
Valdimar Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Jóhann P. Sigurðarson
Sigmundur Lýðsson

**Sjúkrasjóður
Verkalýðsfélags
Akraness
sendir félagsmönnum
baráttukveðjur,
höldum ótrauð áfram
önnur 90 ár!**

Bestu kveðjur á 90 ára afmælinu



Hefur þú
lent
í slysi?



Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, slysi í frítíma eða við aðrar aðstæður getur þú átt rétt á bótagreiðslum vegna afleiðinga slyssins.

Jón Haukur og lögmenn Pacta um allt land geta aðstoðað við að sækja réttmætar bætur til bótagreiðenda. Hjá PACTA starfa lögmenn sem hafa áralanga reynslu á þessu sviði.

Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal til að skoða málið og kanna réttarstöðu þína er þér að kostnaðarlausu.

Kannaðu rétt þinn til bóta

www.pacta.is

Jón Haukur Hauksson hdl.
Kirkjubraut 12 | Akranes
sími 440 7900 | jonhaukur@pacta.is



PACTA
L Ö G M E N N

**Hamingjuóskir
til félagsmanna og
stjórnar Verkalýðsfélags
Akraness í tilefni
90 ára afmælis
félagsins.**

Baráttukveðjur!

 **Verkalýðsfélag
Snæfellinga**

Óskum félagsmönnum VLFA
hjartanlega til hamingju
með árin 90

NA

NORÐURÁL

Ávarp formanns



Vilhjálmur Birgisson,
formaður VLFA

samþykkt samhljóða. Stofndagur Verkalýðsfélags Akraness er því 14. október 1924.

Það fólk sem stofnaði Verkalýðsfélag Akraness fyrir 90 árum síðan, var hert í miskunnarlausri baráttu fyrir lífshagsmunum sínum og heimila sinna. Þetta voru menn sem sóttu sjóinn af miklu kappi á litlum vélbátum og sumir á opnum árabátum, - verkafólk sem þurfti af elju og atorkusemi að berjast fyrir lífsviðurværi sínu af fullri hörku.

Í stofnlögum félagsins segir meðal annars að tilgangur félagsins sé að efla og styðja hag og menningu alþýðunnar á því svæði sem félagið nær yfir, með því að vinna að sjálfsbjargarviðleitni almennings, ákveða vinnutíma og kaupgjald. Barátta frumkvöðlanna fyrir bættum kjörum alþýðunnar á svo sannarlega jafnt við nú og fyrir 90 árum og trúið mér, Verkalýðsfélag Akraness hefur unnið marga glæsta sigra í baráttunni fyrir bættum kjörum félagsmanna og varið af hörku þau réttindi sem áunnist hafa á þessum 90 árum.

Sagan sýnir því miður að til eru fyrirtæki sem víla ekki fyrir sér að brjóta á sjálfsögðum kjarasamningsbundnum rétti sinna starfsmanna og rétt að benda á að VLFA hefur innheimt vegna hinna ýmsu kjarasamningsbrota á síðastliðnum 10 árum heilar 240 milljónir! Þessi réttindabarátta sýnir hversu mikilvægt það er að vera í öflugum stéttarfélagi sem er tilbúið

að verja og aðstoða félagsmenn sína þegar atvinnurekendur neita að fara eftir þeim kjarasamningum sem í gildi eru. Leikurinn getur verið ójafn þegar launamaðurinn þarf að standa á rétti sínum gagnvart atvinnurekanda og því er svo mikilvægt að vera aðili að stéttarfélagi sem þorir ætíð að fara af fullri einurð í öll mál er lúta að réttindavörslu sinna félagsmanna.

Ég held að við sem erum aðilar að Verkalýðsfélagi Akraness getum verið nokkuð stolt af okkar félagi en félagið hefur vaxið jafnt og þétt á þessum 90 árum og tekið virkan þátt og oft á tíðum verið í fararbroddi annarra stéttarféлага og barist af alúð og krafti fyrir bættum kjörum verkafólks og þeirra sem höllustum fæti standa í okkar samfélagi. Það liggur algerlega fyrir að Verkalýðsfélag Akraness er orðið eitt af öflugustu stéttarfélögum landsins, bæði fjárhagslega og félagslega, en stefna núverandi stjórnar félagsins er að reyna að vera það stéttarfélag landsins sem þjónustar sína félagsmenn hvað best. Núverandi stjórn VLFA hefur aukið þjónustuna og réttindi sem félagsmönnum býðst jafnt og þétt á liðnum árum og það er morgunljóst að þeirri vinnu er hvergi nærri lokið því ætíð má gera betur.

Eins og áður sagði þá eru meginverkefni Verkalýðsfélags Akraness þau sömu og þau voru fyrir 90 árum, að bæta hag okkar félagsmanna, vinna gegn óréttlæti, ójöfnuði og misskiptingu í okkar samfélagi og það er algerlega hvellskýrt að Verkalýðsfélag Akraness mun ekki gefa neinn afslátt hvað þessi baráttumál varðar.

Það er hins vegar mikilvægt að allir átti sig á því að til að ná árangri í kjarabaráttu og gegn óréttlæti og misskiptingu þarf að ríkja alger samstaða, hún er grundvöllur alls árangurs. Forystumaður í stéttarfélagi má sín lítils ef hann hefur ekki félagsmenn sína með sér í baráttunni fyrir bættum kjörum og sem betur fer hefur stjórn Verkalýðsfélags Akraness ekki þurft að kvarta yfir samstöðuleysi í hinum ýmsu kjaradeilum sem félagið hefur háð á liðnum árum, enda liggur fyrir að í öllum verkfallskosningum t.d. hjá Elkem Ísland, Klafa og síldarbræðslunni hefur ríkt nánast 100% samstaða.

Já, kærur félagar ég held að við getum öll verið nokkuð stolt af félaginu okkar og við eigum öll að sameinast í því að gera gott stéttarfélag enn betra og það gerum við með því að vera virk í starfi félagsins og sýna samstöðu þegar þess gerist þörf.

Að lokum er mikilvægt fyrir okkur að þakka frumkvöðlunum og halda minningu þeirra hátt á lofti. Þeir lögðu grunninn að starfsemi Verkalýðsfélags Akraness fyrir 90 árum, grunn sem klárlega hefur skilað okkur umtalsverðum ávinningi í aldanna rás. Þetta góða fólk var drifið áfram af eldmóði og barráttuanda fyrir lífshagsmunum sínum og þennan eldmód og barráttuanda er mikilvægt að við höfum ávallt að leiðarljósi og vinnum bug á óréttlæti, misskiptingu og berjumst fyrir bættum kjörum okkar félagsmanna.

Til hamingju með 90 ára afmælið kærur félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness!

Vilhjálmur Birgisson

90 ára afmælisblað Verkalýðsfélags Akraness

14. október 2014

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmur Birgisson

Umsjón og umbrot: Björg Bjarnadóttir

og Dagbjört Guðmundsdóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands



Skrifstofa VLFA

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er staðsett á Sunnubraut 13. Þar er opið alla virka daga frá kl. 8 til 16, opið er í hádeginu. Húsið er ekki stórt, en leynir á sér því þar vinna sex starfsmenn og aðstaðan til fyrirmyndar. Auk formanns starfa þrír skrifstofufulltrúar hjá félaginu og einnig hafa tveir ráðgjafar frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði aðstöðu í

húsinu. Á efri hæð er fundarsalur, þar sem stjórnarfundir og námskeið eru haldin og því er yfirleitt fjölmennt í húsinu, en vegna stærri viðburða er yfirleitt notast við sal félagsins á þriðju hæð Kirkjubrautar 40. Aðalstjórn fundar mánaðarlega og stjórnir sjúkrasjóðs og orlofssjóðs funda einnig reglulega.



Þær vinna á skrifstofu VLFA. Frá vinstri: Inga, Björg, Elín, Dagbjört og Kristín



Vilhjálmur Birgisson,
formaður Verkalýðsfélags Akraness

Starfsfólk skrifstofu:

Vilhjálmur Birgisson
formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir
skrifstofufulltrúi
inga@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
elin@vlfa.is • 4309904

Kristín Björg Jónsdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
kristin@vlfa.is • 4309907

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Vilhjálmur Birgisson
Varaformaður: Bryndís Ó. Guðjónsdóttir
Ritari: Guðmundur R. Davíðsson
Vararitari: Jónína Herdís Sigurðardóttir
Meðstjórnendur:

Júlíus Pétur Ingólfsson og Skúlína Guðmundsdóttir

Formenn deilda:

- Stóriðjudeild: Hafsteinn Þórisson •
- Almenn deild: Elí Halldórsson •
- Opinber deild: Sigríður Sigurðardóttir •
- Matvæladeild: Guðrún Linda Helgadóttir •
- Iðnsveinadeild: Sigurður Guðjónsson •
- Sjómann- og vélstjóradeild: Kristófer Jónsson •

Varaformenn deilda:

- Stóriðjudeild: Bjarni Ólafsson •
- Almenn deild: Hafþór Pálsson •
- Opinber deild: Jóna Adolfsdóttir •
- Matvæladeild: Alma M. Jóhannsdóttir •
- Iðnsveinadeild: Þórolfur Guðmundsson •
- Sjómann- og vélstjóradeild: Tómas R. Andrésson •

Opið hús 14. október



Verið velkomin á Sunnubraut 13

Í tilefni af 90 ára afmæli Verkalýðsfélags Akranes er bryddað upp á ýmsu til að brjóta upp hversdaginn. Það er full ástæða til að fagna enda innihalda þau 90 ár sem liðin eru frá stofnun félagsins ótal sigra þegar kemur að baráttu fyrir kaupi og kjörum verkafólks. 90 ár eru langur tími og félagið á sér merkilega sögu sem vert er að rifja upp. Þetta afmælisblað er einmitt einn liður í því að fagna þessum tímamótum í sögu félagsins. Á síðum þess er að finna ýmsa sögumola, bæði úr fundargerðabókum og gömlum dagblöðum en jafnframt er áhersla lögð á starf félagsins í nútímanum og þann fjölbreytileika sem þar ríkir.

Af öðrum dagskrárliðum í tengslum við afmælið má helst nefna tvenna tónleika laugardaginn 11. október í Bíóhöllinni, annars vegar með strákunum í Pollapönki kl. 15:00 og hinsvegar tónleikar með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna kl. 20:30. Báðir tónleikarnir eru í boði Verkalýðsfélags Akraness og því er enginn aðgangseyrir, en sækja þarf miða á Helga Björns á skrifstofu félagsins á meðan birgðir endast.

Á sjálfan afmælisdaginn, þriðjudaginn 14. október, verður opið hús á skrifstofu félagsins á milli kl. 14 og 16. Heitt verður á könnunni og boðið upp á léttar veitingar. Vonandi sjá sem flestir félagsmenn sér fært að kíkja við og gleðjast með Verkalýðsfélagi Akraness á þessum tímamótum.



Verkalýðsfélag Akraness 90 ára Hátíðardagskrá



Laugardaginn 11. október:

Kl. 15:00

Tónleikar með Pollapönk í Bíóhöllinni, Akranesi.

Frítt fyrir öll börn á meðan húsrúm leyfir.

Húsið opnar kl. 14:20.



Kl. 20:30

Tónleikar með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna.

Í Bíóhöllinni, Akranesi.

Hver félagsmaður fær afhentan einn miða á skrifstofu

félagsins, athugið að einungis eru 300 miðar í boði.

Fyrstur kemur fyrstur fær.



Þriðjudaginn 14. október:

Kl. 14-16

Opið hús á Sunnubraut 13. Heitt kaffi á könnunni og meðlæti.

Endilega láttu sjá þig!



Eftirtalin félög og fyrirtæki styrktu útgáfu blaðsins og senda félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness sínar bestu kveðjur á 90 ára afmæli félagsins.

- Báran, stéttarfélag •
- Bifreiðastöð ÞPP •
- Bifreiðaverkstæðið Brautin •
 - Classic hárstofa •
 - Gamla Kaupfélagið •
- Gámaþjónusta Vesturlands •
 - Omnis •
 - Sjónglerið •
 - Skagaverk •
- Smurstöð Akraness •
- Útilegukortið •
- Veidikortið •
- Versl. Einar Ólafsson •
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur •

AFL Starfsgreinafélag sendir VLFA hamingjuóskir með afmælið og glæsilega sögu félagsins!



Til góðra verka

Hvernig hefur þú nýtt þér þjónustu VLFA?




Hrafn Elvar Elíasson:

Ég nýti mér allt það sem VLFA hefur upp á að bjóða fyrir mig.



Ólafur Geir Óskarsson:

Ég nota sumarbústaðina, upplýsingamiðlunina og styrkina.



Ingimundur Pétur Guðnason:

Nýti mér það helling, gleraugnastyrki, námskeið og alls konar.



Kristín Ragnarsdóttir:

Nota mér það alveg fullt og er mjög sátt.



Tinna Grímarsdóttir:

Ég nota afslættina eins og í Ozone og svona og miða á afmælistónleikana.

Ferð heldri deildar VLFA



Grettir Hákonarson og Sigurjón Gunnlaugsson ræða málin hjá Þverárrétt



Bræðurnir Páll Jónsson og Jón Jónsson



Pórný Elísdóttir, Sigrún Clausen, Jónína Jónsdóttir, Þorbjörg Þorbjörnsdóttir, Auður Sæmundsdóttir og Jóna K. Ólafsdóttir



Hjónin Ágústa Guðrún Jóhannesdóttir og Gylfi Jónsson

Fimmtudaginn 28. ágúst síðastliðinn hélt um 110 manna hópur í dagsferð í boði Verkalýðsfélags Akraness, en félagsmönnum 70 ára og eldri og mökum þeirra hefur um árabil verið boðið í slíkar ferðir og þær verið fastur liður í starfsemi félagsins. Eins og svo oft áður var það Björn Ingi Finsen sem veitti hópnum dygga leiðsögn og miðlaði fróðleik og skemmtilegum frásögnum af sinni alkunnu snilld.

Hópurinn hélt af stað frá Akranesi snemma morguns í tveimur rútum og var ekið sem leið lá upp í Borgarfjörð. Þar teygðu ferðalangar aðeins úr sér við eina fjárflestu rétt landsins, Þverárrétt, þangað sem fé er rekið af afrétti bænda í Hvítársíðu, Þverárhlíð og Stafholtstungum. Ekkert var þó að sjá af fé að þessu sinni, en margir könnuðust vel við sig á svæðinu, áttu ættir sínar að rekja í nágrennið, höfðu verið í sveit á þessum slóðum eða mundu eftir að hafa sótt dansleik í félagsheimilinu, sem staðsett er örskammt frá réttinni.

Frá Þverárrétt var ekið að vatnsmesta hver landsins, Deildartunguhver, þaðan sem Akurnesingar fá heita vatnið um 64 kílómetra langa vatnslögn. Eftir stutt stopp í sólskininu við Deildartunguhver var ekið að Flókadal, en á bænum Steðja í mynni hans er rekið samnefnt brugghús. Bruggemeistarar Steðja tóku vel á móti hópnum, kynntu framleiðsluferlið fyrir gestunum sem fengu svo að skoða verksmiðjuna hátt og lágt. Hjá Steðja eru ýmis forvitnileg hráefni notuð til framleiðslu á bjór, til að mynda hvalamjöl og jarðarber, auk hráefna af hefðbundnari toga. Eftir kynninguna var boðið upp á smakk á nokkrum afurðum brugghússins áður en haldið var aftur af stað í átt að Reykholti.

Í Reykholti átti hópurinn pantaðan hádegisverð á Fosshóтели og snæddi þar súpu og fisk og fékk kaffi á eftir. Sumir röltu aðeins um svæðið eftir matinn, enda margt að skoða á þessum sögufræga stað og falletg að horfa yfir Reykholtsdalinn. Því næst lá leiðin hjá Rauðsgili Jóns prófessors Helgasonar og yfir í Hálsasveit og inn með Hvítársíðunni að Hraunfossnum þar sem áð var stutta stund áður en ekið var hjá Húsafelli og áfram haldið á þekktar útlagslóðir í grennd við hinn fagra Eiríksjökul þar sem einhverjir hafa á árum áður efalauast fundið í helli skjól. Fá ummerki fundust eftir útlaga, enda



Hinnir traustu bílstjóvar Sigurbaldur og Atli

Jóna Adolfsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir voru meðal fararstjóra

hafa þeir sjálfsagt breitt vandlega yfir sporin sín, en áfram hélt hópurinn um Kaldadal. Ýmsar sagnir eru til tengdar þessum fjallvegi sem var fjölfarinn til forna og er enn, ef dæma má af umferðinni um dalinn þennan dag. Hjá Skúlaskeiði var sumum hugsað til þjóðsögunnar um Skúla nokkurn sem dæmdur var til dauða á Alþingi en komst undan á hesti sínum, Sörla. Fjandmenn Skúla „eltu hann á átta hófa hreinum og aðra tvenna höfðu þeir til reiðar“, en náðu honum ekki. Grímur Thomsen orti sem frægt var kvæðið Skúlaskeið um þessa atburði og um örlög Sörla segir í einu erindinu:

Hann forðaði Skúla undan fári þungu,
 fjöri sjálfs sín hlífði klárinn miður -
 og svo með blóðga leggi, brostin lungu
 á bökkum Hvítár féll hann dauður niður.

Á Kaldadal var stoppað stutt við stæðilega vörðu efst á Langahrygg sem ferðamenn eru vanir að kasta steinum í og gildnaði varðan sjáanlega við heimsókn félagsmanna Verkalyðsfélags Akraness, enda báru þeir röskustu í hana grjót af miklum móð. Áfram var ekið fram hjá Biskupsbrekku og þess minnst þegar Jón Vídalín biskup í Skálholti veiktist skyndilega og andaðist þar síðsumars árið 1720 er hann var á leið í jarðarför vestur á Snæfellsnes. Kross hefur verið reistur á staðnum til minningar um þennan atburð, og sést vel í hann frá veginum. Sagt er að áður en biskup lagði af stað frá Skálholti hafi hann kveðið þessa vísu:

Herra guð í himnasal,
 haltu mér við trúna.
 Kvíði ég fyrir Kaldadal,
 kólna tekur núna.

Um Tröllaháls, hjá Sandkluftavatni og um Bolabás náði hópurinn til Þingvalla er leið á daginn og stoppaði stuttlega í þjónustumiðstöðinni á Leirum. Þjóðgarðurinn skartaði sínu fegursta þegar ekið var í gegnum hann austan megin við Þingvallavatn í sólskini og afar fallegu haustveðri. Lá leiðin í gegnum Þrastaskóg og var ekki staðar numið fyrir en við Hótel Örk í Hveragerði þar sem ferðafólksins beið síðdegishressing, kaffi og kökudiskur. Veitingunum voru gerð góð skil og því næst var lagt á Hellisheiðina og ekið heim á leið í einum rykk.

Ferðin þótti afar vel heppnuð í alla staði, veðrið lék við hópinn og ótal góðar minningar urðu til. Sérstaklega ber að þakka þeim sem veittu hópnum móttöku á ferðalaginu, leiðsögumanninum snjalla Birni Inga Finsen og bílstjórunum sem komu öllum heilum heim, þeim Atla og Sigurbaldri. Ekki má gleyma að þakka þeim stóra hópi félagsmanna sem ásamt mökum tók þátt í þessa ferð, sumir í fyrsta sinn en aðrir hafa komið árum saman. Innan hósins ríkir fágætur félagsandi og verða það að teljast forréttindi að eiga að slíkan hóp félagsmanna.



Hópurinn snæðir bádegisverð á Fosshótel, Reykholti



Ragnheiður Ásgrímsdóttir og Elín Hannesdóttir við Hraunfossa




Pétur Jóhannesson, Björn Ingi Finsen og Ingi Þór Bjarnason



Vaskir ferðamenn bera grjót í vörðu á Kaldadal

Rafræn þjónusta



Viðmót félagsvefs Verkalýðsfélags Akraness

viðbótin kom nú í haust. Þegar skilagreinin er skilað er nú hægt að velja um að fá kröfu senda beint í netbanka, en áður þurftu launagreiðendur að muna að millifæra iðgjöldin um hver mánaðarmót.

Eru félagsmenn og launagreiðendur hvattir til að nýta sér þá þjónustu sem í boði er rafrænt og endilega koma óskum um bættu þjónustu á framfæri við starfsfólk skrifstofu félagsins.

Árið 2010 tók Verkalýðsfélag Akraness í notkun vefþjónustu fyrir félagsmenn annars vegar og launagreiðendur hins vegar og er sífellt verið að bæta þjónustuna í takt við auknar kröfur þeirra sem hana nota. Hægt er að sækja um aðgang að félagsvef og launagreiðendavef á heimasíðu VLFA og er lykilorðið sent í netbanka um hæl.

Vefur félagsmanna veitir aðgang að ýmsum upplýsingum um iðgjöld, réttindi og greiðslur frá félaginu. Greiðsluseðlar og launamiðar vegna styrkja og sjúkradagpeninga eru aðgengilegir á vefnum og auk þess er hægt að bóka laus orlofshús og greiða fyrir með korti.

Vefur launagreiðenda veitir aðgang að iðgjöldum og greiðslum, hægt er að skoða skuldastöðu og skila skilagreinum og fylgir því óneitanlega ákveðið öryggi við iðgjaldaskil og innheimtu. Nýjasta

1. maí 2014



Þessir félagar voru tilbúnir með spjöld á lofti



Fjöldmenn kröfuganga í blíðskaparveðri



Övenju mörg kröfuspjöld voru á lofti í kröfugöngunni í ár. Skilaboð þessarar snótar voru: „Verum jákvæð og höfum gaman á jörðinni“



Jón Jónsson, Elí Halldórsson og Jóna Adolfsdóttir

Félagsfáni VLFA

Fyrsti fáni félagsins kominn til varðveislu á Byggðasafninu



Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA afhendir Jóni Allanssyni, forstöðumanni Byggðasafnsins að Görðum, fánann til varðveislu.

Í tilefni af 90 ára afmæli félagsins var fyrsti fáni félagsins afhentur Byggðasafninu að Görðum til varðveislu nú fyrir stuttu og var það Jón Allansson, forstöðumaður safnsins sem veitti fánanum viðtöku. Áratugum saman var fáninn notaður á fundum og samkomum á vegum félagsins, en nú hafa verið

saumaðir léttari fánar sem taka við af honum. Fáninn var gjöf félagsmanna til félagsins og fór fánavígslan fram á árs hátíð félagsins 15. desember 1945. Var það fyrrverandi formaður félagsins, Sveinbjörn Oddsson, sem lýsti vígslu fánans.

Fáninn er saumaður af Unni Ólafsdóttur Briem en teiknaður af Tryggva Magnússyni. Hann er efnismikill og glæsilegur í alla staði, grunnurinn er rauður og merki félagsins er saumað úr leðurefni. Merki félagsins er stýrishjól og innan í því eru ýmis verkfæri sem tákna deildir félagsins: Öngull og netnál (merki sjómannadeildar), skófla og haki (merki verkamannadeildar), síldarklippur og fiskbursti (merki verkakvennadeildar), hjólbarði og gangsetningarsveif (merki bílstjóradeildar) og tannhjól og lykill (merki vélstjóradeildar).

Síðan þá hafa deildir félagsins tekið breytingum, þær sameinast og nýjar verið stofnaðar, en þessum merkjum hefur ekki verið breytt og standa þau áfram sem tákni um atvinnuhætti þeirra frumkvöðla sem byggðu félagið upp. Í dag er Verkalýðsfélaginu skipt í 6 deildir, almenna deild, sjómanna- og vélstjóradeild, stóriðjudeild, deild opinberra starfsmanna, iðnsveinadeild og matvæladeild. Nú sem áður fyrr eru því fulltrúar flestra starfsstétta innan raða félagsmanna, hver með sína deild, en bera sameiginlegt merki félagsins með stolti.

Verkamenn og sjómenn á Akranesi krefjast breytingar á gengislögunum.

AFJÓLMENNUM fundi Verkalýðsfélag Akraness, sem haldinn var 31. okt. s.l., var eftirfarandi ályktun samþykkt í einu hljóði:

„Verkalýðsfélag Akraness skorar á Alþingi að gera þá breytingu á lögum um gengis-skráningu, frá 4. apríl 1939, að við útreikning kaupgjalds við næstu áramót verði miðað við meðalverðlag framfærslukostnaðar þriggja síðustu mánaða þessa árs, en ekki scx, svo sem akveðið er í nefndum lögum.

Að öðrum kosti verði verkalýðsfélögnum gefinn sjálfákvörðunarréttur til kaupgjalds-samninga, enda tryggji Alþingi þeim rétt til að geta gengið til samninga við atvinnurekendur eigi síðar en 1. jan. 1940, án tillits til uppsagnarákvæða eldri samninga.“

Auk þess var rætt um verðlag og eftirlit í því sambandi. Kaus fundurinn þriggja manna nefnd til að vera á varðbergi um það, að eigi sé okrað á lífs-naúðsynjum fólks, og ef slíkt þætti semlegi, þá yrði það kært til réttara aðila. Fundarmenn voru sammála um það, að nauðsynlegt yrði að teljast, að í hverju þorpi væri maður, sem hefði eftirlit með verðlaginu, og yrði hann þá að hafa vald til rannsókna í þessum efnum.

Úr Alþýðublaðinu 3. nóv. 1939

Afmæli Verkalýðsfélags Akraness

Verkalýðsfélag Akraness hélt hátíðlegt 25 ára afmæli sitt í gærðag með samkomum í samkomuhúsum bæjarins. Fyrst um daginn var samkoma í Bióhöllinni og voru þar ræður fluttar, en um kvöldið var skemmtisamkoma í Báruhúsinu gamla og dansleikur. Tveir af forvígsmönnum félagsins voru heiðraðir í tilefni af afmælinu, þeir Sæmundur Friðriksson fyrsti formaður félagsins, sem nú er fluttur til Stokkseyrar og Sveinbjörn Oddsson, sem um langt skeið hefir verið formaður félagsins og baráttumaður. Voru þeir báðir gerðir að heiðursfélögum og einn íg kona Sveinbjarnar.

Verkalýðsfélag Akraness átti lengi í baráttu við atvinnurekendur á staðnum eins og orðið hefir eðlilegt hlutskipti annarra verkalýðsfélaga. En upp á síðkastið hefir baráttan mildast og skilningur atvinnurekenda aukist á félagsmáttökunum, en atvinnurekendur hefir smátt og smátt skilist það, að samtök verkamanna eru ekki stofnuð til þess eins að troða íllsakar við þá.

Úr Tímanum 22. nóv. 1949

Sögumolar

Það er af mörgum talið mikilvægt að þekka sögu sína og vera meðvitaður um uppruna sinn og í raun má segja að það sama gildi um félög eins og Verkalýðsfélag Akraness. Á 90 ára afmæli félagsins er því ekki úr vegi að lita um öxl og fletta upp í heimildum og sögubókum. Ótal sigrar hafa unnist í kjarabaráttu þessi 90 ár og hefur mynd félagsins út á við verið sú að þar fari öflugt félag sem láti ekkert stöðva sig. Félagið getur þó aldrei verið sterkara en folkið sem að því stendur og það er einmitt það sem sagan sýnir okkur, harðduglegt fólk sem lagði allt í sölurnar í baráttunni fyrir bættem kjörum.

Vér mótmælum allir!

Verkalýðsfélag Akraness samþykkti eftirfarandi á síðasta fundi sínum:

„Fundur haldinn í Verkalýðsfélagi Akraness 1. október 1946 skorar á Alþingi að gera eagan þann samning sem felur í sér hernaðarleg réttindi til handa nokkurri þjóð, án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu“.

Úr Þjóðviljanum 4. okt. 1946

Verkalýðsfélag Akraness kaupir fiskverkuunarstöð.

IVOR gekkst verkalýðsfélag Akraness fyrir stofnun hlutafélags meðal meðlima sinna, til kaupa á fiskverkuunarstöð, sem er rétt fyrir innan Akraneskaupútn, á svonefndum Sólmundarhöfða. — Kaupverð stöðvarinnar var kr. 6000.00, og var Útveggsbanki Íslands h.f. seljandi.

Var stöð þessi reist fyrir nokkrum árum af samvinnufélagi sjómanna á Akranesi: Fiskverkuunarstöðin er keypt með tilliti til þess, að hlutasjómenn á Akranesi geti haft aðstöðu til verkunar á hluta sínum, ef þeir óska þess, og til þess að þeir á einn eða annan hátt geti hag nýtt afla sinn sem best. Í landi stöðvarinnar er stór matjurtagarður, og er hann leigður nokkrum félagsmönnum í sumar, þá hafa og fiskhúsin einnig verið leigð í sumar.

Stærsti hluthafi er: Verkalýðsfélag Akraness, en stjórn hlutafélagsins skipa: Hálfdan Sveinsson, Guðmundur Bjarnason, Ingólfur Sigurðsson, Sveinbjörn Oddsson og Erlendur R. Teitsson.

Mjög lítið er nú byggt af í-búðarhúsum hér á Akranesi, að-

Úr Alþýðublaðinu 1. júlí 1939

Sigrún Clausen, heiðursfélagi VLFA:

Leiddist aldrei í frystihúsinu



Sigrún Clausen starfaði um árabíl fyrir Verkalýðsfélag Akraness á ýmsum vettvangi og er því hafsjór af fróðleik þegar kemur að því að rifja upp sögu félagsins. Hún gegndi stjórnarstörfum fyrir félagið í þrjá áratugi og var meðal annars í aðalstjórn frá 1972 til ársins 2000. Hún varð fyrsti formaður fiskvinnsludeildarinnar árið 1988 og sat um árabíl í stjórn sjúkrasjóðs allt til ársins 2002 svo eitthvað sé nefnt. Árið 2002 var Sigrún jafnframt gerð að heiðursféлага Verkalýðsfélags Akraness.

Eftirminnileg námskeið fyrir fiskvinnslufólk

Eitt af því sem er Sigrúnu sérstaklega eftirminnilegt er þegar hún var fengin til að hafa umsjón með námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk á Akranesi en fyrsta námskeiðið var haldið árið 1987. Sigrún var á þeim tíma í stjórn Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar sem stóð fyrir námskeiðunum. „Það voru haldin ófá námskeið um allt mögulegt sem viðkom fiskvinnslunni. Þetta var haft á skrifstofu félagsins og hinir

og þessir fengnir til að vera leiðbeinendur og fólk hafði voðalega gaman af þessu. Ég sá um skipulagið á þessu, raðaði niður í flokka og efninu eftir því. Það var svolítið mikil vinna að undirbúa þetta. Einu sinni hittist þannig á að Herdís Ólafsdóttir, starfsmaður skrifstofu félagsins, veiktist þegar ég var að undirbúa námskeið. Þetta var rétt fyrir jól og ég var að vinna á skrifstofunni að leysa hana af og um leið að undirbúa námskeiðið. Ég mætti klukkan 7 á morgnana því námskeiðin byrjuðu klukkan 8 svo það var nóg að gera í kringum þetta allt en mjög skemmtilegt.“ Í framhaldi af þessum námskeiðum var Sigrún einnig fengin til að kenna hluta af hliðstæðum námskeiðum bæði á Snæfellsnesi og í Reykjavík og var það dýrmæt reynsla. Á þessum tíma var fiskvinnslan gríðarlega stór þáttur af atvinnulífi Akurnesinga og ekki var um að ræða lítinn hóp sem sat námskeiðin heldur útskrifuðust rúmlega 260 manns af fyrsta námskeiðinu. „Við höldum heljarmikið hóf í tilefni af fyrstu útskriftinni. Þá voru frystihúsin þrjú - HB, Heimaskagi og Haförninn. Þarna komu nokkrir Alþingismenn og fulltrúi frá Sjávarútvegsráðuneytinu, boðið var upp á kaffi og hvítvín og öllum afhent innrömmuð skírteini. Þetta var voðalega gaman og mér leiddist heldur aldrei í fiskvinnslunni, aldrei nokkurn tímann“ segir Sigrún sem á augljóslega góðar minningar af starfi sínu í frystihúsinu. „Ég hafði aldrei komið inn í frystihús á ævinni þegar ég byrjaði að vinna þar árið 1969, ég hafði áður verið í síldarsöltun en aldrei unnið í frystihúsi.“

Ýmislegt varðandi aðstöðu og réttindi fiskvinnslukvenna kom Sigrúnu á óvart þegar hún hóf störf í frystihúsinu. Í kjölfarið fór hún að láta til sín taka í ýmsum baráttumálum í gegnum Verkalýðsfélagið en auk setu í stjórn VLFA sinni hún meðal annars starfi trúnaðarmanns á vinnustað sínum í samtals 19 ár. Einnig var hún þátttakandi í hinu fræga kvennaverkfalli árið 1976 sem lesa má um hér á opnunni.

Nóg að gera á skrifstofunni

Sigrún starfaði stundum í afleysingum á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness og eins aðstoðaði hún þegar álagið var mikið en skrifstofan var þá staðsett að Kirkjubraut 40. Herdís Ólafsdóttir vann þar þá í hálfu starfi og Sigrún minnst þeirrar vinkonu sinnar og samstarfskonu með mikilli hlýju sem og annarra sem þar unnu á þessum tíma. Oft var mikið um að vera á skrifstofunni, til dæmis í kringum afgreiðslu atvinnuleysisbóta, en Sigrún segist hafa haft mjög gaman af allri vinnu í kringum Verkalýðsfélag Akraness. „Langsamlega skemmtilegast fannst mér þegar ég vann í frystihúsinu til hádegis og í Verkalýðsfélaginu eftir hádegi,

Kvennaverkfallið á Akranesi 1976

Kvennaverkfallið á Akranesi sem átti sér stað árið 1976 vakti mikla athygli. Konur í fiskvinnslu höfðu fengið nóg af kauptryggingarsamningi sem veitti atvinnurekendum rétt til að segja þeim upp með viku fyrirvara hvenær sem er og kröfðust þess að slíkar uppsagnir gætu aðeins átt sér stað á föstudögum en ekki alla daga vikunnar. Ekki var tekið tillit til þess í nýjum samningum í byrjun árs 1976 og var sú ákvörðun tekin hjá kvennadeild Verkalýðsfélags Akraness að samþykka ekki samningana en boða til verkfalls. Tíu konur voru kosnar í verkfallsstjórn og á ýmsu gekk þegar verið var að gæta þess að ekki yrðu framin verkfallsbrot.

Sigrún Clausen var ein af þeim konum sem tóku þátt í verkfallinu og rifjaði hún upp atburði því tengda í afmælisriti Sambands borgfirskra kvenna árið 1986. Þar segir hún meðal annars frá því þegar konurnar fréttu að verið væri að pakka loðnuhrognum í einu fyrirtæki í bænum á meðan á verkfallinu stóð en það hafði verið verk kvenna eingöngu. Konunum tókst að stöðva pökkunina en höfðu þó komið sér upp símakallkerfi til að geta sent út boð ef í ljós kæmi að verið væri að brjóta verkfallslög. Ein verkfallskvennanna bjó nálægt því fyrirtæki sem þær höfðu þurft að hafa afskipti af og fékk hún það hlutverk að setja símakallkerfið af stað ef einhver hreyfing sæist. Sigrún lýsir því sem næst gerðist á eftirfarandi hátt: „Nú, klukkan um hálf ellefu byrjuðu símarnir út um allan bæ að hringja, því kominn var stærðar vörubíll frá kaupfélaginu í Borgarnesi fyrir utan þar sem loðnuskilvindan var. Þustum við nú allar á staðinn.

Þegar við komum þangað var búið að hrúga upp á bílinn vélinni og fleira dóti, sem nota þarf við frystingu loðnuhrogna... Þeir voru að leggja síðustu hönd á þetta myrkraverk og máttum við ekki seinna koma, annars hefðu þeir sloppið.“ Konurnar bentu mönnunum á að ólöglegt væri að flytja vinnuvélar og tæki af þeim stað sem verkfall sé á en þeir létu sér ekki segjast: „Langur og mjór bekkur var

á miðju gólfi og átti hann að fara upp á bílinn. Settumst við nú þrjár á bekkinn og neituðum að standa upp er hinir vígreifu herrar ætluðu að taka hann. Þeir tóku nú samt undir sinn hvorn endann á bekknum. Stóðu þá tvær upp, en sú þriðja sat sem fastast. Skipti það nú engum togum, þeir bera bekkinn með konunni á, yfir að bílnum. Þegar þangað er komið snúa þeir upp á bekkinn mjög snarlega og hreinlega sturta konunni niður á gólfið. Hún kemur þar niður á fjóra fætur, en stendur snarlega upp...“ Konan sem lenti í þessari ævintýraferð á bekknum lét mennina vita að þeir væru að þverbrjóta öll lög og bað hinar konurnar að leggja bílunum sínum fyrir vörubílinn sem þær og gerðu.

Forsvarsmenn fyrirtækisins og fleiri fulltrúar Verkalýðsfélags Akraness komu á vettvang og leystist málið á góðan hátt. Bjarnfríður Leósdóttir var fundarstjóri á næsta baráttufundi og las hún meðal annars upp skeyti sem höfðu borist konunum til stuðnings ásamt rausnarlegum peningagjöfum í verkfallssjóðinn. Á þessum fundi var samþykkt ályktun þess efnis að skora á útgerðarmenn bæjarins að virða óskir kvennanna en lítið kom út úr því.

Eftir árangurslausu fundi kom loks að því þann 15. mars að fundur var haldinn með atvinnuálanefnd, samninganefnd útgerðarmanna og bæjarstjóranum. Fundurinn stóð fram á næsta dag og þann 16. mars var skrifað undir samkomulag þess efnis að segja mætti upp mánudaga og föstudaga. Þó konurnar hefðu óskað þess að einungis mætti segja upp á föstudögum var þetta þó mun skárri niðurstaða en að leyfilegt væri að segja upp hvaða dag vikunnar sem er. Þar með lauk þessu rúmlega tveggja vikna kvennaverkfalli en samkomulagið var samþykkt með 84% atkvæða. Meðlimir kvennadeildarinnar fundu fyrir miklu þakklæti í garð allra þeirra sem sýndu þeim stuðning og vakti verkfallið athygli víða um land.

VISSU ALLAR KERLINGAR / Á AKRANESI VERKFAÐI VAR

Á Akranesi verkfall var það vissu allar kerlingar vikukaupíð vildu þær væru unnar stundir tvær.

Bjarnfríður þá blés sig út þar að augum vasaklút raupaði um Rússlandsfór risnu og öll þau dýrðarkjör.

Æpti Disa og óó um sal engum vinna líðast skal hér er ég sem hross á beit ég heimta góða verkfallssveit.

Ingileif þá æði greip ó ég er svo fótaveik en ef ég get þá aðstoða ég er upplögð að fara á bryggjuna.

Klásinn fyllir kommalíð klára: Þétur uppvaskið stoppað getur stagað hann að strjúka af gólfi líka kann.

.KVG

Visurnar hér fyrir ofan birtust í Dagblaðinu 9. mars 1976. Þar er fjallað um nokkra meðlimi kvennadeildar VLFA og attu flestir að vita um hverjar er ort.

það var þegar ég var að leysa Herdís af. Svo þegar það var mikið að gera, áður en kauptryggingin kom og ef engin vinna var í frystihúsinu, þá kom ég uppeftir til að vinna við atvinnuleysisbæturnar.“ Á þessum tíma var Guðmundur Magnús Jónsson formaður félagsins og Sigrún átti gott samstarf með honum. „Hann var mjög akkúrat í sínu starfi. Þegar ég átti að leysa hann af rétti hann mér möppur og benti mér á hvað ég átti að gera og ég þurfti ekkert meira, það var allt 100% skýrt.“ Guðmundur Magnús, eða Maggi eins og hann var jafnan kallaður, var í annarri skrifstofunni en Herdís hafði hina skrifstofuna til umráða. „Skrifstofan sem Herdís hafði var stór og þar var stórt borð þar sem við höldum stjórnarfundum, trúnaðarráðsfundi og fleira og við kölluðum þetta nægtarborðið, hún Herdís fann það upp. Svo aftur á móti í stóra salnum þar höldum við stærri fundi

eins og félags- og deildafundi.“

Mikil handavinna í kringum umsóknir

Á þessum tíma þurfti að handvinna allt í tengslum við umsóknir og afgreiðslu þeirra og haldnir voru fundir þegar nýjar umsóknir bárust um atvinnuleysisbætur. „Við fylltum út blað með nafni og hvað hver átti að fá og fórum með það niður á bæjarskrifstofu. Þar var Tryggvi Björnsson starfandi, hann fór yfir allt saman og lét okkur hafa eina ávísun. Svo skrifuðum við út ávísanirnar á fólkið. Þetta var svakalega mikil vinna“ segir Sigrún og bætir við að aðeins einu sinni hafi hún vitað til þess að reynt hafi verið að svindla út atvinnuleysisbætur. „Þá vorum við að fara yfir umsóknir og umsóknareyðublaðið gengur í hring milli fundarmanna. Einn maðurinn tekur blaðið, horfir á það, skellir upp



Kirkjubraut 40 á árum áður

úr og segir: „Þessi maður er að vinna í gluggunum heima hjá mér“ og þetta var í eina skiptið sem ég hef vitað til að reynt var að svindla á atvinnuleysisbótunum. Það var farið svo stíft yfir umsóknirnar.“

Einnig var mikil vinna fólgin í því að fara yfir umsóknir úr sjúkrasjóði félagsins. Fólk þurfti að skila inn skriflegri umsókn sem var svo farið yfir á fundum hjá stjórn sjúkrasjóðs. Stundum var jafnvel hringt heim til Sigrúnar utan skrifstofutíma þar sem þörfin var oft mikil ef óvænt

veikindi höfðu komið upp og þá var brugðist við eins fljótt og hægt var.

Gos og súkkulaði í ferðalögum

Eitt af því sem Sigrún og Herdís gerðu saman var að skipuleggja ferðir eldri félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness en þær ferðir hafa verið árvissar um langt skeið. „Við skipulögðum hvert átti að fara og skrifuðum það niður í möppu ásamt lista yfir þá sem fóru með í hverja ferð. Þetta voru dagsferðir, við fórum um klukkan 9 á morgnana frá Kirkjubrautinni og komið var heim að kvöldi til. Það varð hefð að stoppa á heimleiðinni, til dæmis í Hvalfirði, og bjóða ferðalöngunum upp á gos og prins póló. Þá stóðum við Herdís og opnuðum flöskurnar og allir fengu sér gos og súkkulaði og spjölluðu saman. Ef það var rigning fundum við skjól til að halda í þessa hefð og í eitt skiptið héldum við þessa gosstund undir vegg hjá Botnsskálanum“ rifjar Sigrún brosandir upp en hún mætir enn í hina árlegu ferð VLFA ef hún mögulega getur. Margar góðar minningar skapast í ferðum sem þessum og eru margir eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness eflaust sammála því.

Pó svo að nú séu liðin þónokkur ár síðan Sigrún hætti að starfa formlega í Verkalýðsfélagi Akraness fylgist hún augljóslega vel með starfsemi þess. Hún ber hag félagsins fyrir brjosti enda á hún aðild að drjúgum hluta af sögu þess.


DG

Elkem Ísland óskar félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness hjartanlega til hamingju með 90 ára afmæli félagsins



Með þökkum og virðingu fyrir góðu samstarfi undanfarin 35 ár

Sögumolar



Stofndagur Verkalýðsfélags Akraness var 14. október 1924 en fimm dögum áður höfðu verkamenn og sjómenn á Akranesi komið saman í Báruhúsinu til að ræða stofnun félagsins. Á stofndeginum voru samþykkt lög félagsins og fyrsti formaður var kjörinn Sæmundur Friðriksson. Á þessum tímamótum var jafnframt rituð félagaskrá Verkalýðsfélags Akraness og stöðugt var bætt við hana eftir því sem tíminn leið og félögum fjölgaði og jafnóðum voru þeir strikaðir út sem hættu í félaginu. Hér til vinstri má sjá fyrstu síðuna í nafnaskrá félagsins, en skráin er varðveitt á Héraðsskjalasafni Akraness.

Úr gömlum fundargerðarbókum félagsins:

... þann 24. júní 1935 var haldinn stjórnarfundur í Verkalýðsfélaginu þar sem rætt var um þörf félagsins fyrir eigin skrifstofu. Ákveðið var að auglýsa lóð félagsins við Bárugötu til sölu og leita eftir lánsmöguleikum til húsbýggingar. Félagið átti eftir að hafa skrifstofuaðstöðu á ýmsum stöðum, meðal annars við Sudurgötu og Vesturgötu, áður en það flutti loks í sitt eigið húsnæði að Kirkjubraut 40 árið 1982.

... árið 1933 keypti félagið orgel af Bjarna Ólafssyni á Ólafsvöllum. Fyrsta afborgunin var 70 krónur og var greidd þann 21. desember 1933.

... í skýrslu félagsins til Alþýðusambands Íslands vegna ársins 1935 var meðal annars farið yfir fjölda félagsmanna VLFA. Samkvæmt skýrslunni voru félagsmenn 294 talsins sem skiptust þannig að karlar voru 236 og konur 58. Árgjald félagsmanna var kynjaskipt en karlmenn þurftu að borga 5 krónur á meðan konur greiddu 3 krónur.

...tímaritið Verkakonan var birt á fundum kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness. Þar birtist skáldskapur og fróðleikur eftir meðlimi deildarinnar en ritnefnd skipuðu Herdís Ólafsdóttir, Pálína Steinadóttir og Guðríður Svafarsdóttir. Fyrsta tölublaðið birtist þann 17. september 1931.

Verkalýður Akraness mótmælir kúgunar-lögnum.

EFTIRFARANDI ályktun var samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Akraness 18. febrúar s.l.

„Verkalýðsfélag Akraness mótmælir harðlega bráðabirgða lögum um gerðardóm í kaupgjaldsmálum útgefnum 8. jan. s.l., þar sem þau hafa það aðalmarkmið að halda öllu kaupgjaldi launastéttanna óbreyttu með lagaboði, og svipta þar með öll stéttarfélög áður viðurkenndu samningsfrelsi um kaup og kjör meðlima sinna.

Verkalýðsfélag Akraness skorar því á alþingi það er nú situr, að fella þessi kúgunarlög úr gildi nú þegar.“

Verkalýðsfélagið á Akranesi gerði samninga við atvinnurekendur um kjör sjómanna á þorsk og reknetaveiðum um síðustu áramót.

Á árinu bætti félagið hag sinn um 400,00 krónur.

Úr Alþýðublaðinu, 10. mars 1942

Verkalýðsfélag Akraness segir upp samningum

Verkalýðsfélag Akraness hefur ákveðið að segja upp núgildandi samningum um kaup landverkafólks á félagssvæðinu.

Allsherjaratkvæðagreiðsla um uppsögnina fór fram dagana 28.—31. júlí og var tillagan um uppsögnina samþykkt með 165 atkvæðum gegn tveimur.

Núgildandi samningur rennur út 5. september n. k.

Úr Alþýðublaðinu, 3. ágúst 1944

Mótmælaalda verkalýðsins: Verkamenn á Akranesi neita að segja upp samningum nú

Skora á Alþýðusambandið að taka þegar upp samninga við ríkisstjórnina.

VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS hefur nú bætzt í hóp þeirra verkalýðsfélaga um land allt, sem neita að taka nokkurn hátt í hinu pólitíska verkfallsbrótti kommúnista. Hafa Akurnesingar auk þess sem veir segja ekki upp samningum að svo stöddu skorað á Alþýðusambandið að hefja samstarf við núverandi ríkisstjórn til lausnar dýrtíðarvanda málnum.

Úr Alþýðublaðinu, 29. maí 1947

Fjóla Lind Guðnadóttir, starfsmaður Elkem:

Öryggismál breyst til batnaðar



Fjóla að störfum hjá Elkem Ísland (Mynd: Elkem)

Fjóla Lind Guðnadóttir hefur verið starfsmaður Elkem Ísland frá árinu 2006. Þar hefur hún lengst af verið starfandi sem ofngæslumaður í vaktavinnu. „Ég hef meiri hluta tímans verið eini kvenmaðurinn á ofninum. Það hafa komið inn stelpur í sumarafleysingar og í stuttan tíma í senn en engin verið starfandi þar til lengri tíma,“ segir Fjóla. „Í ofngæslunni er unnið fjölbreytt starf, bæði á lyftara og eins á svokölluðum skörungsbílum þar sem hráefni er sett inn á ofninn. Eftir að hráefnið hefur bráðnað inni í ofninum er unnið við að tappa málminum út úr honum.“ Fjóla hefur einnig verið

öryggisfulltrúi starfsmanna á ofni 3 undanfarin 2 ár. Í haust fór hún yfir í annað starf innan verksmiðjunnar og er nú í möluninni þar sem unnið er við að mala málminn og pakka honum. Á þeim tíma sem Fjóla hefur unnið hjá Elkem Ísland hefur ýmislegt tekið breytingum. „Mest finnst mér hafa breyst í öryggismálum hjá verksmiðjunni, miklu hefur verið breytt til batnaðar hvað það varðar síðan ég hóf störf hjá fyrirtækinu.“

Fjóla gerðist meðlimur í Verkalýðsfélagi Akraness í byrjun árs 2011 en þá voru kjarasamningar starfsmanna Elkem Ísland lausir. „Ég færði mig ásamt nokkrum samstarfsmönnum yfir til VLFA úr Stéttarfélagi Vesturlands. Ástæðan var sú að okkur fannst fulltrúar þess félags sem við tilheyrdum ekki standa með okkur fólkinu í þeirri erfiðu kjarasamningsgerð sem var í gangi. Okkur fannst þetta ekki boðleg framkoma við okkur sem félagsmenn og færðum okkur yfir og sjáum alls ekki eftir því. Að mínu mati hefur Villi unnið vinnuna sína þegar kemur að því að semja fyrir okkur og er ég ánægð með það.“ Fjóla hefur einnig nýtt sér ýmislegt annað sem félagið hefur upp á að bjóða. „Ég hef til dæmis nýtt mér heilsuefingarstyrkinn og einnig hef ég nýtt mér gleraugnastyrk barna þar sem dóttir mín notar gleraugu. Sá styrkur er hluti af gleraugnastyrk félagsmanna“ segir Fjóla að lokum.



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður sendir kærar kveðjur og hamingjuóskir

í tilefni af 90 ára starfsafmælinu.

Þökkum gott samstarf á liðnum árum.

Guðmundur Rúnar Davíðsson, ritari VLFA: Þurfum að efla iðnnám



Guðmundur Rúnar Davíðsson, ritari VLFA og fulltrúi iðnsveinadeildar í miðstjórn Samiðnar

Guðmundur Rúnar Davíðsson hefur starfað í stjórn Verkalýðsfélags Akraness síðan árið 2003. „Ég hef komið að stjórn félagsins á ýmsan hátt. Ég var formaður iðnsveinadeildar þegar kosningarnar voru árið 2003 og ný stjórn tók við. Síðar varð ég ritari félagsins og auk þess sit ég í stjórn orlofssjóðs. Fyrir hönd iðnsveinadeildar sit ég einnig í miðstjórn Samiðnar og er í samninganefnd. Ég hef mjög gaman að þessum störfum og þau eru gefandi, fyrir utan það hvað þetta er fræðandi. Maður veit miklu meira en áður um réttindi og annað slíkt.“

Guðmundur Rúnar segir stöðu iðngreina fara batnandi á ný eftir erfið ár í kjölfar hrunsins. „Við hrunið þá fór allt niður á við og fólk var víða látið taka á sig miklar launalækkningar og slíkt. Margir iðnaðarmenn hafa tekið að sér störf erlendis og ég hef nú sjálfur prófað það. Ég vann í Noregi um tíma og það hafði sína kosti, launin voru mikið betri og góð frí á milli tarna en vinnudagurinn var langur og ferðatíminn ekki greiddur. Svo ætlaðist það þannig að ég kom aftur heim og vinn ennþá við smíðar. Þegar maður fer að hugsa út í þetta, þá er maður að verða of gamall í svona flækning.“

Aðsókn í nám við iðngreinar hefur minnkað síðustu ár og segir Guðmundur Rúnar þá þróun óneitanlega tengjast þeim launum sem í boði eru. „Námslega séð er staðan ekki góð. Allt of fáir iðnaðarmenn útskrifast úr námi og það þarf að kynna iðnnám sem slíkt mun betur. Launakjörin hamlu okkur óneitanlega því iðnaðarmenn hafa setið eftir í launahækkunum síðustu ára.“

Félagsmenn við leik og störf



Vinnsla á hval hefur gengið vel og hafa um 150 manns haft atvinnu af hvalveiðum í sumar. Hér má sjá starfsmenn í hvalskurði á Akranesi



Rakel Hilmarsdóttir við vinnu sína hjá Hval hf.



Þyrlla Landhelgisgæslunnar sýnir björgun á sjó á sjómanna daginn 2014



Hákon Hjartarson sker hval af miklum móð

Orlofshús félagsins

Orlofshús VLFA eru 9 talsins og hefur þeim fjölgað í takt við aukna eftirspurn, nýr bústaður var keyptur í Kjós árið 2011 og annar í Svínadal árið 2012. Orlofshús félagsins eru vel nýtt allt árið um kring og sjaldan fellur niður tímabil. Yfir sumartímamann eru húsin leigð út viku í senn, frá föstudegi til föstudags. Annað gildir yfir vetrartímamann, þegar helgarnar eru leigðar út í heilu lagi en annars hægt að bæta við aukanoóttum eða taka lengri tímabil, allt eftir hentugleika. Á sumrin er vikum úthlutað til félagsmanna eftir punktastöðu, en yfir vetrartímamann gildir reglan: fyrstur kemur - fyrstur fær.



Bláskógar, Svínadal

Í Svínadal er vaxandi sumarhúsa byggð sem nýtur æ meiri vinsælda. Svæðið er þægilega stutt frá þéttbýlinu en samt út úr skarkalanum. Stutt er í sund að Hlöðum og gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal og spilað golf að Þórisstöðum án endurgjalds. Hús félagsins að Bláskógum 12 í Svarfhólsskógi er vel búið. Í því eru tvö herbergi og svefnloft. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með stórra glæsilegri verönd og heitum potti.

Húsafell í Borgarfirði

Það þarf vart að kynna Húsafell fyrir félagsmönnum. Staðurinn hefur um árabíl verið einn af vinsælustu sumardvalarstöðum landsmanna. Náttúrufegurðin er einstök og útivistarmöguleikar eru óþrjótandi. Ótal góðra gönguleiða, golf, snjósléðaferðir og fleira. Þá er sundlaugin ávallt vinsæl. Í húsi félagsins að Ásenda 10 eru 2 svefnherbergi og svefnloft. Það er búið flestum þægindum og búnaði fyrir 8 manns. Húsið er með góðri verönd og heitum potti.



Efstiás, Svínadal

Sumarið 2012 festi Orlofssjóður VLFA kaup á þessu glæsilega orlofshúsi í Efstiási í Eyrarskógi. Um er að ræða rúmgott hús byggt árið 2002 sem stendur í fallegu umhverfi í landi Kambshóls í Svínadal. Gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal og spilað golf að Þórisstöðum án endurgjalds. Húsið er á tveimur hæðum, uppi eru tvö svefnherbergi og eitt til viðbótar er á neðri hæð. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með stórra glæsilegri verönd og heitum potti.



Kjós í Hvalfirði

Orlofssjóður festi kaup á nýju orlofshúsi í Kjós sumarið 2011, en húsið var byggt 2005. Það er 83 m² með tveimur svefnherbergjum og rúmgóðu lofti. Í svefnherbergjum eru tvíbreið rúm og á loftinu er eitt tvíbreitt rúm og tvær aukadýnur. Barnarúm er til staðar. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Góður lokaður pallur er í kringum bústaðinn og er hann að hluta yfirbyggður. Rafmagnspottur er á palli.





Ölfusborgir við Hveragerði

Sumarhúsabyggðin í Ölfusborgum er sú elsta sinnar tegundar hér á landi. Miklar endurbætur voru gerðar vorið 2010 á húsi félagsins sem er nr. 11. Húsið er með heitum potti og glæsilegri verönd. Svefnpláss og sængur fyrir 6, einnig er hægt að fá barnarúm. Leikvöllur fyrir börn er rétt við húsið, rólegt og barnvænt umhverfi. Hveragerði er í næsta nágrenni og frá Ölfusborgum er stutt í alla þjónustu.



Furulundur, Akureyri




Félagið á þrjár íbúðir í Furulundi 8 á Akureyri. Í öllum íbúðunum eru 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 4 í herbergjum og hægt að fá gestarúm og barnarúm. Sængur eru fyrir 6 manns. Gasgrill á svölum. Í íbúðunum er einnig þvottavél. Á veturna eru íbúðirnar oft leigðar til námsmanna frá september til maí, en veturinn 2014-2015 er ein af íbúðunum til skammtímaleigu til félagsmanna.

bergjum og hægt að fá gestarúm og barnarúm. Sængur eru fyrir 6 manns. Gasgrill á svölum. Í íbúðunum er einnig þvottavél. Á veturna eru íbúðirnar oft leigðar til námsmanna frá september til maí, en veturinn 2014-2015 er ein af íbúðunum til skammtímaleigu til félagsmanna.

Hraunborgir í Grímsnesi

Bústaður félagsins heitir Bræðrapartsvör og stendur við Húsasund nr. 16. Sumarhúsabyggðin í Hraunborgum er vel gróin, með þjónustumiðstöð og sundlaug. Á svæðinu er einnig golfvöllur, minigolf og leikvöllur fyrir börnin. Góð staðsetning á Suðurlandinu og stuttar vegalengdir að mörgum perlum Íslandsskrar náttúru og tilvalið að fara dagsferðir um Suðurlandið. Húsið er svokallaður A-bústaður og við hann er stór verönd og heitur pottur. Búnaður er fyrir 8 manns.



Fallegt haustkvöld í Hraunborgum, ef vel er að gáð má sjá mjólkurslæðuna og bjarna af norðurljósum.

Vissir þú að...

... á Félagavefnum getur þú skoðað hvaða orlofshús eru laus og bókað álitlega helgi í vetur, eða lagt inn umsókn um viku yfir sumartímann?

Atvinnusvæðið á Grundartanga



Nýleg mynd af Grundartangasvæðinu. (Mynd: Faxaflóabafnir)

Í byrjun árs 1973 hófst umræða um mögulega byggingu járnblendiverksmiðju á Íslandi. Til greina komu svæði eins og Straumsvík og Geldinganes en niðurstaðan varð sú að verksmiðjunni var valinn staður á Grundartanga í Hvalfirði. Við upphaf svo umfangsmikilla framkvæmda er ýmislegt sem huga þarf að og allt tók þetta sinn tíma. Íslenska járnblendifélagið var stofnað í apríl árið 1975 en verksmiðjan sjálf tók til starfa í apríl 1979.

Þetta voru gríðarlega miklar breytingar fyrir atvinnulífið í þessum landshluta og að mörgu leyti var unnið mikið frumkvöðlastarf við að koma verksmiðjunni á fót. Jafnframt var ráðist í miklar hafnarframkvæmdir á Grundartanga þegar bygging járnblendiverksmiðjunnar lá fyrir og hefur sú höfn stækkað jafnt og þétt eftir því sem starfsemin hefur aukist.


Lengi vel var járnblendiverksmiðjan, sem síðar varð í eigu Elkem Ísland, eina stóriðjan á Grundartanga en 18 árum eftir að hún var tekin í notkun var fyrsta skóflustungan tekin að álverinu sem nú er Norðurál. Fyrsta keridi í álverinu var gangsett í júní 1998 og með tilkomu álversins

jókst starfsemin á Grundartanga til muna. Athafnasvæði verksmiðjanna er stórt og með tímanum hafa sprottið þar upp ýmis smærri fyrirtæki sem flest tengjast á einhvern hátt starfsemi Elkem Ísland og Norðuráls. Undantekning frá því er fyrirtækið Lífland ehf. sem sér um framleiðslu og þökkun á fóðri. Af öðrum fyrirtækjum má nefna GMR Endurvinnslu ehf. sem sér um að endurvinnna stál og GTT tækni ehf/Meitil ehf. sem sérhæfir sig í alhliða þjónustu tengdri rafmagni og vélum.

Vélsmiðjurnar Hamar hf. og Héðinn hf. starfa á svæðinu sem og Kratus ehf. þar sem algjall er endurunnið og Stálsmiðjan sem þjónustar Norðurál með járnsmíði. Fyrirtækið Klafi ehf. sér um gámaflutning milli verksmiðja sem og inn- og útflutning og Uppskipun ehf. sér um upp- og útskipun. Vinna við ræstingu, þvottahús og eldhús í verksmiðjunum er í höndum ISS Ísland ehf. Að auki eru ýmsir verktakar starfandi á Grundartangasvæðinu sem á einn eða annan hátt þjónusta verksmiðjurnar og fyrirtækin þar. Í þeim stóra hópi starfsfólks sem tilheyrir Grundartangasvæðinu á Verkalýðsfélag Akraness fjölmarga félagsmenn.

Um þessar mundir er í umræðunni bygging þriðju stóru verksmiðjunnar á Grundartanga en það er fyrirtækið Silicon Materials sem hyggst reisa þar sólar kísilverksmiðju á næstu árum. Ef allt gengur upp í þeim efnum gæti verksmiðjan hafið störf árið 2017. Má því segja að stórar verksmiðjur virðist sögunni samkvæmt rísa á um það bil 20 ára fresti á Grundartanga með tilheyrandi innspýtingu í atvinnulífið á svæðinu. Umrædd sólar kísilverksmiðja myndi að öllum líkindum skapa 400 ný störf þegar hún væri komin í fullan gang svo útlit er fyrir áframhaldandi uppbyggingu á Grundartangasvæðinu.

Sögumoli



Úr fundargerðabók Verkalýðsfélags Akraness 1934

Sú togstreita sem gjarnan hefur myndast á milli Verkalýðsfélags Akraness og Alþýðusambands Íslands er síður en svo ný af nálinni. Það er ljóst að Alþýðusambandið hefur oftast en ekki viljað fara aðrar leiðir en Verkalýðsfélag Akraness hvað varðar málefni félagsmanna. Sönnun þess má meðal annars finna í fundargerð félagsins sem dagsett er 2. mars 1934. Fundurinn sem um ræðir var haldinn í sjómannadeildinni og voru fundarmenn ekki sáttir við hvernig Alþýðusambandið tók á

málum í tengslum við samninga við línubátaeigendur. Eftir miklar umræður settu nokkrir fundarmenn fram tillögu þess efnis að félagið segði sig úr Alþýðusambandi Íslands. Eftir að tillagan hafði verið borin upp var gengið til atkvæða og féllu þau þannig að 10 manns samþykktu tillögunu en 12 féldu hana. Félagið var því áfram hluti af Alþýðusambandi Íslands þó mjótt hafi verið á mununum í þetta sinn. Fundargerðabók þessi er varðveitt á Héraðsskjalasafni Akraness.

Magnús Árni Gunnlaugsson, starfsmaður Norðuráls:

Enginn er svikinn af VIRK



Magnús Árni Gunnlaugsson. (Mynd: Skessuborn)

„Mér var bent á að fara í samstarf við VIRK af Vilhjálmí Birgissyni formanni Verkalýðsfélags Akraness og sjúkraþjálfaranum mínum, Georgi Janussyni,“ segir Magnús Árni Gunnlaugsson sem var sjómaður en starfar nú hjá Norðuráli.

„Ég hafði verið talsverðan tíma hjá sjúkraþjálfaranum vegna afleiðinga sjóslyss sem ég lenti í árið 2011,“ segir Magnús Árni Gunnlaugsson. „Bátur sem ég var á sökk við Akurey. Við vorum tveir á bátnum og björguðumst báðir. Ég hékk á hægri hendinni þegar báturinn fór hringinn í sjónum og tognaði illa á öxl og handlegg í þeim atgangi. Þetta var í mars og sjórinn kaldur, innan við tvær gráður. Við vorum í sjónum í 25 mínútur, þá kom björgunarsveitin Ársæll og tók okkur upp í gúmmibát. Við hefðum dáíð hefði ég ekki hangið á bátnum.“

Eftir þetta sjóslys varð ég afskaplega slæmur í öxlinni og handleggnum. Og verkurinn versnaði er frá leið. Ég fór til ráðgjafa VIRK hjá Verkalýðsfélagi Akraness. Ráðgjafi VIRK benti mér á ýmsa möguleika og hafði samband við Norðurál, atvinnurekanda minn, til þess að halda því opnu að ég gæti síðar byrjað að vinna eftir getu.

Ég sótti um endurhæfingarlífeyri að uppástungu ráðgjafa VIRK og fékk hann. Það var mikil hjálp. Ég fékk lífeyri í nokkra mánuði og var í meðferð hjá sjúkraþjálfaranum mínum einu sinni í viku. Smám saman fór ég heldur að lagast en það vantar mikið upp á það enn að ég sé jafngóður. Viðtölin við ráðgjafann og sú aðstoð sem hann veitti og sjúkraþjálfunin var mér mikil hvatning til þess að hefja störf að nýju sem fyrst.

Allir þurfa að finna að þeir séu með í þjóðfélaginu og VIRK veitir mikla hvatningu í þá átt. Það er ekki gaman að vera á bótum. Það mætti gera meira í því að koma fólki sem lend-

ir á örorku í það stand að það geti unnið – sé það mögulegt. Það er andlega og félagslega mikill plús ef það tekst – að ekki sé talað um hve miklu það skiptir fyrir þjóðfélagið.“

Skipti aðstoð VIRK miklu?

„Já, mér finnst hún hafa skipt mjög miklu. Hún varð mér sterk hvatning og svo fékk ég svo margar góðar ábendingar, hvernig á að snúa sér í málum gagnvart kerfinu. Þar þekkir fólk yfirleitt ekki vel til, nema að það komist í svona aðstæður eins og ég gerði í kjölfar slyssins. Ég vissi lítið um hvaða rétt ætti í þessu eða hinu. Nú er ég reynslunni ríkari.“

Hvernig gengur þér að vinna núna?

„Það gengur sæmilega nema hvað ég er oft illa haldinn af verkjum. Það voru teknar myndir af skaðanum og í ljós kom að það gæti þurft að gera á mér aðgerð. En ég er að draga það, athuga hvort þetta lagast ekki smám saman. Ég vona að svo verði. En vissulega mun ég fara í aðgerð ef niðurstaðan verður sú að ég þurfi þess.“

Ertu enn í sambandi við VIRK?

„Nei, ekki lengur. Eftir sjóslysið fékk ég áfallahjálp hjá sálfræðingi. Ég fór með félagi mínum í eitt skipti til sálfræðingsins, en honum fannst ég vera í góðum málum. Ég var ekki talin þurfa á frekari sálfræðiaðstoð að halda.“

Eftir sjóslysið hafði ég farið í skoðun á Landspítalanum í Fossvogi. Þar var ég hitaður upp og fékk svo að fara heim. Meiðslin á handleggnum komu ekki fram að ráði fyrr en nokkru síðar og smátt og smátt ágerðust þau þar til öxlin fraus. Eftir það varð ég óvinnufær.

Yfirmenn hjá Norðuráli hafa komið vel til móts við mig. Ég er nú komin til vinnu og gengur ágætlega nema hvað verkina snertir. Ég vil þakka VIRK fyrir þá góðu aðstoð sem ég fékk. Mitt álit er að starfsemin sem þar er rek-in sé mjög uppbyggjandi fyrir þá sem lenda í erfiðum aðstæðum. Ég hvet fólk eindregið til að nýta sér starfsemina hjá VIRK. Það er engin svikinn af þeirri aðstoð.“

Texti: Guðrún Guðlaugsdóttir



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness gildir sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.



Að sjálfsögðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.

Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum)

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

Model: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á www.vlfa.is

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Orkan: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Sigurður Þór Elísson, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu


Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • skrifstofa@vlfa.is

Eftirtalin félög og fyrirtæki styrktu útgáfu blaðsins og senda félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness sínar bestu kveðjur á 90 ára afmæli félagsins



Kynntu þér reglubundinn sparnað

Sparnaður getur tekið á sig ýmsar myndir, en hvert sem markmiðið er þá er alltaf skynsamlegt að leggja fyrir. Talaðu við ráðgjafa okkar og kynntu þér sparnaðarleiðir Landsbankans

Landsbankinn.is/sparnadur



Halldóra H. Guðmundsdóttir
Viðskiptavinur Landsbankans

